



Reglugerð

Vinnudeilusjóður LSS

1. gr.
Sjóðurinn heitir Vinnudeilusjóður LSS. Lögheimili hans og varnarþing eru í Reykjavík.
2. gr.
Tilgangur sjóðsins er að styrkja stöðu þeirra félagsmanna, sem þátt mega taka í vinnudeilu, sem félagið hefur stofnað til, þó ekki til að standa straum af venjulegum samningakostnaði.
3. gr.
Heimilt er að aðstoða önnur stéttarfélög ef meirihluti stjórnar LSS samþykkir það.
4. gr.
Stjórn sjóðsins er í höndum stjórnar LSS. Hún skal kjósa sjóðnum formann, ritara og gjaldkera.
5. gr.
Stjórn LSS og sjóðstjórn fara með framkvæmdavald í málefnum hans á milli þinga LSS. Sjóðurinn skal vera sjálfstæður og ávaxtaður sérstaklega og hafa sjálfstætt bókhald. Kjósa skal tvo endurskoðendur til að yfirfara reikninga sjóðsins. Þeir skulu lagðir fram samhliða reikningum LSS.
6. gr.
Stjórn sjóðsins skal í upphafi úthlutunar hverju sinni setja meginreglur um greiðslur og skulu þær bókaðar í fundargerðabók. Þar skal einnig skrá styrkbeiðnir og styrkveitingar úr sjóðnum.
7. gr.
Þing LSS ákveður fastar tekjur sjóðsins hverju sinni. Tekjur sjóðsins skulu miðast við félagsgjöld sem innheimtast til LSS.
8. gr.
Stjórn LSS er heimilt að taka að láni upphæð f.h. vinnudeilusjóðs, sem svarar til allt að 2ja ára föstum tekjum hans, ef þörf krefur.
9. gr.
Sjóðurinn skal ávaxtaður á tryggan hátt og skal leitast við að koma í veg fyrir afföll hans. Stjórn LSS er þó heimilt að nota sjóðinn vegna tímabundinnar fjárfestingar við kaup eða byggingu fasteigna vegna félagsmálstarfsemi eða orlofsmála.
10. gr.
Verði vinnudeilusjóður LSS lagður niður, ráðstafar þing LSS eigum hans.



11. gr.

Reglum þessum má aðeins breyta á þingi LSS. Um breytingu á þeim gilda sömu reglur og um lagabreytingar.

Samþykkt á 2. þingi LSS, 25-27 mars 1994.